

Hafinn undirbúningur að smíði SVFÍ-húss hér í bæ

Niunda landsþingi Slysavarnafélags
Íslands lauk sl. sunnudag

Niunda landsþingi Slysavarnafélags Íslands lauk sl. sunnudag. Forseti félagsins var endurkjörinn Guðbjartur Ólafsson.

Aðrir í félagsstjórninni eru Árni Jónsson, Friðrik Ólafsson, Ólafur Þórðarson, Guðrún Jónsson, Rannveig Vigfúsdóttir og Gunnar Friðriksson. Stjórnarfulltrúar fyrir landsfjórðungana voru kjörnir Ólafur B. Björnsson Akranesi fyrir Sunnlendingafjórðung, Þórður Jónsson Látrum fyrir Vestfirðingafjórðung, Júlíus Havsteen fyrir Norðlendingafjórðung og Árni Vilhjálmsson fyrir Austfirðingafjórðung.

Heiðursfélagar — björgunarverðlaun

Á þinginu var birt ákvörðun félagsstjórnar um útnefningu 15 nýrra heiðursfélaga í tilefni 30 ára afmælis félagsins og veitt eftirtalin björgunarverðlaun:

1. verðlaun voru veitt Guðmundi Einarssyni háseta á b.v. Hallveigu Fróðadóttur fyrir að bjarga færeyskum sjómanni af vélbátnum Hafðisi SH 7 þann 9. marz 1956. Sami maður bjargaði og 2 skipfélögum sínum er fallið höfðu útbýrgðis er Hallveig var á ferð í Faxaflóa á gamlársdag 1953.

2. verðlaun voru veitt Lárusi Sigurvin Þorsteinssyni skipstjóra hjá Landhelgisgæzlunni fyrir björgun áhafnar og skips er m.b. Hreggviður G.K. 3, frá Hafnarfirði lenti inn í grunnbrötum við Stafnes 8. marz 1956. Lárus var þá skipstjóri á Óðni. Þá bjargaði Lárus sem skipstjóri á m.b. Maríu Júlíu

áhöfn og farþegum alls 7 manns af m.b. Må frá Vestmannaeyjum er sökk í stormi djúpt útaf Selvogi 22. des. 1955. Sem skipstjóri á m.b. Sæbjörgu bjargaði hann áhöfninni af m.b. Von frá Grenivík 20. marz 1958 og nú síðast 2 mönnum af trillubát djúpt útaf Látrabjargi.

Magnúsi Guðmundssyni lögregluþjóni í Reykjavík fyrir að bjarga Brynjólfi Einarssyni úr Reykjavíkurhöfn við erfiðar aðstæður 21. nóv. 1957. Einnig hafði Magnús bjargað 15 ára dreng frá Patreksfirði fyrir nokkrum árum.

Einnig eftirtöldum 8 mönnum úr björgunarsveit Slysavarnafélagsins í Meðallandi fyrir björgun áhafna fjögurra skipa: Sigurgeir Jóhannsson, Bakkakoti, Björn Sveinsson, Langholti, Björn Erasmussen, Sandhóli, Jón Arnason, Efri-Ey, Loftur Runólfsson, Strönd, Ólafur Lárusson, Fljótakróki. Framhald á 10. síðu.

Tillögur um staðsetningu og kaup á listaverkum

Listaverkanefnd Reykjavíkur-bæjar hefur nýlega sent bæjarráði þrjár tillögur er hún hefur samþykkt. Er sú fyrsta um að höggmyndin „Hafmeyjan“ eftir Nínu Sæmundsdóttur verði staðsett við suðvesturhorn Tjarnarinnar, á Tjarnarbakknum eða jafnvel út í Tjörninni. Önnur tillaga nefndarinnar er að bærinn kaupi höggmyndina „Knattspyrnumennirnir“ eftir Sigurjón Ólafsson og verði henni valinn staður á Íþróttaleikvanginum í Laugardal. Þriðja tillagan er um að keyptur verði litsvefn, aður af frú Ásgerði Ester Búadóttur fyrir 15 þús. kr. og verði honum komið fyrir í biðstofu mæðradeildar Heiluverndarstöðvarinnar. Bæjarráð hefur ekki enn tekið endanlega afstöðu til tillagna nefndarinnar.



Hestamennska og kvenfélagskaffi

Undanfarin ár hefur það tíðkast að Fákssfélagar bregða sér á bak einn vordag og halda upp í Mosfellssveit til að heilsa upp á kvenfélagskonur, sem biða þeirra með rjúkandi kaffi og bazar. Myndin sýnir er Fákssfélagar og hestamenn í Mosfellssveit búast til heimferðar eftir að hafa þegið góðgerðir í Hlégarði sl. sunnudag. Á myndinni sést aðeins hluti af öllum þeim gæðingum, sem þarna voru samankomnir. Kunnugir töldu, að hátt á annað hundrað manns hefðu verið ríðandi og margir höfðu tvo til reiðar.

Bæjarráð vill ekki aflétta kvöð á fiskverkunarlóð á Gelgjutanga

Bæjarráð hefur hafnað beiðni h.f. Húsafells um að aflétta þeirri kvöð á leigulöð félagsins á Gelgjutanga, að þar megi ekki hafa annan atvinnurekstur en fiskverkun.

Húsafell h. f. fékk þarna stóra lóð á sínum tíma til fiskverkunar. Var sú kvöð á útvísun löðarinnar að hún væri aðeins ætluð til fiskverkunar en félagið sem löðina fékk hafði þá þann atvinnurekstur með höndum.

Kom Húsafell h.f. upp fiskverkunarhúsum og öðrum mannvirkjum á löðinni en er nú hætt þeim atvinnurekstri. Er nú svo komið að Olúfélagið h.f. vill kaupa mann-

virki og löðarréttindi fyrir 2,5 millj. kr. og hyggst að hagnýta löðina fyrir bifreiðaverkstæði og geymslu á olíuvörum.

Tilboð Olúfélagssins er bundið því skilyrði að kvöðinni á löðinni verði aflétt. Erindi Húsafells h.f. um þetta efni var sent til umsagnar útgerðarráðs Reykjavíkurbæjar sem ályktaði einróma að mjög óæskilegt væri að aflétta kvöðinni þar sem fiskverkunina í bænum myndi fremur skorta nauðsynleg athafnasvæði.

Á þessa umsögn útgerðarráðs hefur bæjarráð fallið, einnig einróma, og hafnað að létta kvöðinni af löð Húsafells.

1. maí-nefndar fundur í kvöld

Fundur verður haldinn í 1. maí-nefnd verkalyðsfélaganna í Reykjavík í kvöld kl. 8,30 í Tjarnargötu 20.

Vísitölubréf seldust fyrir á þriðju milljón króna á fáum dögum

Fyrir nokkrum dögum vakti Seðlabankinn athygli á vísitölubréfum þeim, sem veðdeild Landsbanka Íslands gefur út til að afla fjár til hins almenna lánakerfis til íbúðahúsabygginga.

Var sérstaklega á það bent, að enn væri hægt að fá vísitölubréf þriðja flokks með nafnverði þrátt fyrir það, að grunnverðmæti þeirra hefði þegar hækkað um 2,14%, sem félli væntanlegum kaupendum í hlut. Auk þess nýtu kaupendur þeirra kjara, að frá verði bréfanna yrðu dregnir 5½% vextir frá söludegi til gjalddaga, þinn 1. marz 1959. Yrði því söluverð bréfanna rúm 95%.

Mínnt var á það, að bréfin væru til sölu út aprílmánuð, en ekki lengur.

Frá Kvenfélagi sósíalista

1. maí verður kaffi með heimabökuðum kökum í Tjarnargötu 20 frá kl. 3 e.h. Um kvöldið verður svo 1.-maívaka. Þar verður margt til fróðleiks og skemmtunar. Sósíalistar velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Carolínunefndin.

Samþykkt 1. maí-nefndar:

Verzlunum og skrifstofum sé lokað 1. maí

Á fundi 1. maí-nefndar verkalyðsfélaganna í Reykjavík sl. sunnudag var samþykkt eftirfarandi tillaga, sem flutt var af Guðmundi H. Garðarsyni, Eðvarði Sigurðssyni og Jóni Sigurðssyni.

„1. maí-nefnd verkalyðsfélaganna í Reykjavík beinir þeirri áskorun til hlutaðeigandi aðila, að öllum verzlunum og skrifstofum verði lokað allan daginn 1. maí.“

Fundur Félags áhugaljósmyndara í kvöld

Félag áhugaljósmyndara heldur fund í kvöld kl. 8,30 að Lindargötu 50. Á fundinum flytur Stefán Nikulásason erindi um fréttaljósmyndun og Karl G. Magnússon um lýsingu andlitsljósmynda. Þá verður myndagetráun. Koma félagsmenn með myndir á fundinn og skulu þær vera af einhverju um tæknilegum hlut og teknar þannig að erfitt sé að átta sig á hver hluturinn er. Veitt verða þrenn verðlaun, ein fyrir myndina sem erfiðast er að þekkja, önnur þeim manni sem þekkir flestar myndir og þriðju fyrir beztu myndina.

Tekið er á móti nýjum félögum á fundinum.

Forseti A.S.F. gistir Ísland

Sl. laugardag kom hingað til Reykjavíkur frá New York Raymond Dennet, forseti bandarísku menningarstofnunarinnar The American Scandinavian Foundation. Er hann einkum kominn hingað til að ræða við stjórnendur Íslenzk-ameríska félagsins hér á landi, en það er deild í The American Scandinavian Foundation.

Raymond Dennet ræddi við fréttamenn stundakorn í gær og skýrði þeim þá m.a. frá starfsemi A.S.F. Hlutverk stofnunarinnar er að meginsteftnu til tvíþætt: 1) að veita námsstyrki nemendum frá Norðurlöndum sem stunda nám vestra og amerískum til náms á Norðurlöndum, og 2) útfæra norræna rita á ensku vestan hafs.

Frumvarpið um veitinga-sölu fellt

All skiptar skoðanir hafa verið um frumvarpið um veitinga-sölu sem legið hefur fyrir þinginu í vetur.

Urðu þau afdrif frumvarpsins að það var fellt við 3. umræðu í efri deild í gær, féll frumvarpið með jöfnum atkvæðum, 6 atkvæðum gegn 6.



Myndlistasýning Ásgerðar Ester Búadóttur og Benedikts Gunnarssonar í Sýningarsala um við Ingólfsstræti hefur nú staðið yfir í 10. daga, aðsókn hefur verið góð. Sýningunni lýkur þ. 1. maí, hún er opin daglega kl. 2—10 e.h.